

Nd.

271. Breytingartillaga

við frv. til l. um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Á eftir 8. gr. komi ný gr., er verði 9. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin greiðir verðuppbætur á útfluttar landbúnaðaraturðir á tímabilinu 15. sept. 1946 til 15. sept. 1947 eftir því sem með þarf til þess, að framleiðendur fái það verð fyrir þær, sem reiknað er með í landbúnaðarvísitölu 1946. Ef vörur, sem framleiddar eru á framangreindu tímabili, eru eigi fluttar út á því ári, enda þótt þær séu tilbúnar til útflutnings, skulu þær verðbættar, þegar út eru fluttar, eins og gert mundi hafa verið á því ári, er þær voru framleiddar. Verðuppbæturnar greiðist útflytjendum um leið og kaupendur borga vörurnar.

Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmda, að greiða þurfi fé úr ríkissjóði vegna ábyrgðar samkv. 2.—4. gr.